Jeg skal þessvegna þjónustusamlega skora á hin heiðruðu stiptsyfirvöld, að fela prófastinum í Rangárvallaprófastsdæmi á hendur, í samráði með prestinum að Odda, að setja einn áreiðanlegan mann eða fleiri til þess gegn sanngjarnri þóknun að innheimta preststekjurnar af Keldna- og Stórólfshvolssóknum og, ef til vill, fleiri af tekjum prestakallsins og að greiða hinar innheimtu tekjur, að frádregnum umboðslaunum, í peningum í landssjóð upp í árgjaldið af Oddaprestakalli, þannig, að landssjóður haldi óskertu tilkalli sínu til þess hluta árgjaldsins, sem ekki greiddist á þennan hátt, og að innheimtan að öllu leyti fari fram upp á ábyrgð sóknarprestsins og fyrir hans reikning. 112 9. nóv.

Brjef landshöfðingja *til póstmeistarans í Reykjavík* **um endurgjald fyrir glataða peningasendingu.** — Í brjefi, dagsettu 22. febr. þ. á., skýrðuð þjer frá, herra póstmeistari, að peningasending til kaupmanns L. Popp í Kaupmannahöfn, innihaldandi 370 kr., er sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hefði látið afhenda á póstafgreiðslustaðnum Vallholti, og átti að fara með 7. póstferð til Reykjavíkur að norðan árið 1882, hafi ekki komið til skila, og ljetuð þjer jafnframt í ljósi, að ekki muni verða hjá því komizt, að póstsjóðurinn endurgjaldi þessa peninga. 113 12. nóv.

Um þetta málefni skal jeg þjónustusamlega geta þess, að þaðreð hinar opinberu rannsóknir, sem hafa verið haldnar til að leita upplýsinga um peningasendingu þessa og afdrif hennar, mega álítast að sanna, að nefnd peningasending hafi komizt í vörzlur póststjórnarinnar, en horfið á leiðinni frá Skagafjarðarsýslu hingað til Reykjavíkur, án þess að unnt hafi verið að komast fyrir, hvernig á þessu hvarfi stendur, eða hvort nokkrum verði gefin sök á því, að sendingin hefur týnzt, er jeg yður samdóma um, að ekki verði hjá því komizt að greiða úr póstsjóði endurgjald fyrir optnefnda peningasendingu, og skal jeg þessvegna hjermeð skora á yður að greiða þeim, er peningana sendi, samkvæmt tilsk. um póstmál á Íslandi 26. febr. 1872, 13. gr., endurgjald fyrir hina týndu peningasendingu og telja upphæðina til útgjalda í póstreikningnum fyrir árið 1883, móti kvittun hlutaðeiganda.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu* **um útflutningsgjald af trosfiski o. fl.** — Í þóknanlegu brjefi frá 15. sept. þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, borið undir mig fyrirspurn frá sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu um það, hvernig reikna eigi útflutningsgjald af «trosfiski», er sjeu stykki af heilagfiski og steinbít og af «Gjæller og Læber», sem eru sjerstök stykki úr þorskhausum, en fiskur þessi er saltaður niður í tunnur og fluttur út í þeim. 114 21. nóv.

Þjer hafið jafnframt getið þess, að yður virtist auðsætt, að lög 4. nóvember 1881 um útflutningsgjald af fiski og lýsi m. fl. ekki hafi haft þennan varning fyrir augum, með því að hann verði ekki beinlínis heimfærður undir neinn lið í 2. gr. laganna; að vísu sje varningur þessi saltaður fiskur og heyri að því leyti undir 2. lið í tjeðri lagagrein, en þarsem þessi liður gjöri ráð fyrir, að hinir sölturðu fiskar sjeu heilir, þá verði útflutningsgjald ekki reiknað eptir þeim lið. Hafið þjer þessvegna látið í ljósi það álit yðar, að útflutningsgjald verði ekki heimtað af vörutegundum þeim, er fyrirspurnin á við.

Í tilefni af þessu skal yður þjónustusamlega gefið til vitundar til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg álít að svara beri ofangreindri fyrirspurn samkvæmt því, sem þjer hafið tekið fram.